



NORÐURÞING
FISKELDIÐ HAUKAMÝRI
DEILISKIPULAG
GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA



10.10.2022

06.01.2023. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

UNNIÐ FYRIR FISKELDIÐ HAUKAMÝRI



Samþykktir.....	2
1 Forsendur.....	3
1.1 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni	3
1.2 Skipulags- og matslýsing	4
1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður	4
1.4 Helstu forsendur fyrir rekstri stöðvarinnar	5
1.5 Skipulagsleg staða - aðalskipulag	6
1.6 Náttúrufar	7
1.7 Náttúruvá.....	10
1.8 Minjar	11
1.9 Gögn deiliskipulags	12
1.10 Samráð.....	13
2 Deiliskipulag	14
2.1 Núverandi mannvirki	14
2.2 Áætluð mannvirki og byggingarreitir.....	14
2.3 Samgöngur.....	15
2.4 Lóðir	15
2.5 Veitur	15
2.6 Varðveisla minja	17
3 Almennir skilmálar	17
3.1 Almennt	17
3.2 Hönnun og uppdrættir	17
3.3 Mæliblöð.....	18
3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	18
3.5 Frágangur lóða.....	18
3.6 Náttúruvá.....	18
4 Sérákvæði.....	18
4.1 Almennt	18
4.2 A – Bygging yfir eldiskör	18
4.3 Byggingarreitur B	19
4.4 C – Bygging yfir eldiskör.....	19
4.5 D – Skrifstofubygging og þjónustuhús.....	19

5	Umhverfismat	20
5.1	Aðferðarfræði	20
5.2	Upplýsingar um grunnástand umhverfis	21
5.3	Umhverfisþættir	21
5.4	Áhrifaþættir	21
5.5	Umhverfisviðmið	21
5.6	Greining umhverfisáhrifa.....	22
5.7	Valkostir.....	22
5.8	Áhrifamat.....	22
5.9	Vöktun	26
5.10	Samantekt og niðurstaða	26

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá 3. nóvember til 15. desember 2022 var samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings þann 19. janúar 2023.

Sveitarstjóri Norðurþings

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

Breytingar á gögnum deiliskipulags

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

- Sýnd eru með skýrari hætti núverandi mannvirki innan lóðar á skipulagsuppdrætti.
- Sýnd er stofnlögn fráveitu frá fiskeldi það sem hún er þegar til staða innan lóðar og byggingarreits C að sjávarbakka.
- Bætt er við umfjöllun um að Haukamýrarlækur er þegar þveraður og ræsi í honum ofan við sjávarbakkann (kafla 2.3).
- Bætt er við þeim skilmálum að við hönnun mannvirkja og framkvæmdir innan byggingarreits D (Skrifstofubygging og þjónustuhús) verði horft til þess að varðveita sem mest af staðargróði og forðast skuli allt óþarfa rask (kafla 4.5).
- Bætt er við umfjöllun um vatnshlot í greinargerð (kafla 2.5.6).
- Bætt er við umfjöllun um nýtingu á lífrænum úrgangi sem frá stöðinni fellur í greinargerð (kafla 2.5.6).

1 Forsendur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags fyrir fiskeldisstöðina Haukamýri við Húsavík í Norðurþingi. Deiliskipulagið er unnið fyrir Fiskeldið Haukamýri ehf. Fyrir hönd Landslags koma að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Halldóra Narfadóttir landfræðingur.

1.1 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni

Í Haukamýrargili hefur verið fiskeldi allt frá árinu 1980 en Fiskeldið Haukamýri hefur rekið stöðina frá árinu 1995. Á fyrstu árum fiskeldis í Haukamýri var áhersla lögð á framleiðslu laxaseiða. Síðustu 20 ár hefur megináhersla verið lögð á bleikjueldi en laxaseiði aðeins framleidd einstöku ár. Mikil þekking og reynsla hefur skapast á undanförunum áratugum við rekstur fiskeldis í Haukamýri. Framleiðsla hjá Fiskeldinu Haukamýri hefur aukist mikið og á síðustu árum hefur framleiðslan verið um og yfir 300 tonn. Vinnsla á bleikju hófst 1999 í Haukamýri og er nú u.þ.b. 90% af framleiðslunni flökuð og send fersk á markað erlendis.

Uppi eru áform um stækkun stöðvarinnar og vegna þess er nú verið að vinna deiliskipulag fyrir starfsemi stöðvarinnar til framtíðar. Gert er ráð fyrir að umfang fiskeldisins geti orðið allt að 850 tonn af lífmassa af Laxfiskum og/eða laxfiskaseiðum á ári. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld þar sem hún flokkast sem B framkvæmd skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 m.s.br., liður 1.09 í 1. viðauka.

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 vegna sama liðar 1.09 í 1. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi

1.09. Þauleldi á fiski þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.

Þar sem deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er umhverfisskýrsla hluti greinargerðar deiliskipulagsins. Í deiliskipulagi er m.a. gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, byggingarskilmálum, umhverfisfrágangi, veitumálum, samgöngumálum og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

1.2 Skipulags- og matslýsing

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefningu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld er einnig þörf á matslýsingu þar sem deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulags- og matslýsing var samþykkt til kynningar á fundi skipulags- og framkvæmdarráðs 22. febrúar 2022. Skipulags- og matslýsingin var auglýst frá 25. febrúar – 25. mars 2022. Umsagnir bárust frá Fiskistofu, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarnefnd Þingeyinga, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Skipulags- og umhverfisnefnd Norðurlands tók umsagnir og athugasemd fyrir á fundi sínum 05. apríl 2022 og vísaði þeim til vinnslu deiliskipulagsins.

1.3 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður

Fiskeldið Haukamýri er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í gilinu við Haukamýri. Norðurland á landið og Fiskeldið Haukamýri hefur gert samning um afnot þess. Samningur er um nýtingu á köldu vatni ásamt volgu vatni við Orkuveitu Húsavíkur.

Fiskeldið Haukamýri hefur um 19.300 m² lóð þar sem húsakostur og eldiskör fyrirtækisins eru staðsett, sjá nánar kafla 2.1. Utan þessa svæðis eru vatnslagnir ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og einnig eru lagnir fyrir heitt vatn. Svæðið er staðsett á iðnaðarsvæði sem þegar er að mestu raskað. Frárennsli fer óhreinsað út í sjó en ekki hefur tekist að leiða lagn niður fyrir stórstraumsfjöru.

Núverandi aðkoma akandi að svæðinu er um Kaldbaksveg sem tengist inn á Norðausturveg sunnan Húsavíkur. Fóður er keypt frá Laxá og flutt með bílum frá Akureyri til Fiskeldisins Haukamýri. Miðað við 850 tonna hámarks lífmassa er flutningur á þurrfóðri um 2.000 tonn á ári. Önnur aðföng eins og umbúðir eru flutt með flutningabílum að mestu frá höfuðborgarsvæðinu.

Stærð skipulagssvæðisins er um 3,8 ha.



Mynd 1. Rauð afmörkunin sýnir skipulagssvæðið fyrir fiskeldisstöðina Haukamýri.

1.4 Helstu forsendur fyrir rekstri stöðvarinnar

- Aðgengi að heitu og köldu vatni.
 - Vatnsöflun er til staðar utan lóðar, vatnslagnir í eigu Fiskeldis Haukamýri, ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og einnig eru lagnir fyrir heitt vatn.
 - Kalt vatn kemur um þrjár lagnir niður að Fiskeldisstöðinni Haukamýri. Allt kalt vatn sem nýtt er í stöðinni er sjálfrennandi.
 - Samningur er við Orkuveitu Húsavíkur um allt að 300 l/s af 4°C heitu vatni skv. samningi frá 8. október 2010 sem gildir til 31. desember 2040. Jafnframt er fyrirtækið með samning við Orkuveitu Húsavíkur um nýtingu á kælivatni sem hefur sama gildistíma.
 - Mögulegt magn kælivatns er eftirfarandi. Kalt 4°C 150 l/s og kælivatn 40-50°C 57 l/s
- Gott aðgengi er að rafmagni sem er þegar til staðar.
- Lega við sjó.

- Allt frárennsli úr eldisstöðinni fer um eina lögn, lögð niður að bakkanum og rennur þar niður í fjöru og út í sjó. Það hefur verið reynt að byggja frárennislögn sem hefur gefið sig vegna mikils álags frá haföldunni.
- Miðað er við að matfiski sé slátrað á staðnum en seiði flutt landleiðina eða dælt úr stöðinni í brunnbát.
- Miðað er við að matfisk sé slátrað á staðnum en seiði flutt landleiðina eða dælt úr stöðinni beint í brunnbát.
- Stutt er í almenna þjónustu.
- Starfsfólk á kost á að búa nálægt vinnustað.
 - Um 13 manns vinna við eldið og vinnslu afurða í dag. Með stækkun má gera ráð fyrir fjölgun starfa í fyrirtækinu. Þá má gera ráð fyrir einhverjum afleiddum störfum í þjónustu á Húsavík.

1.5 Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030. Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I4 (Haukamýri II). Þá liggur gönguleið meðfram sjávarsíðunni í aðalskipulagi. Aðliggjandi svæði eru að mestu opin svæði til sérstakra nota en einnig er athafnasvæði A6 (Haukamýri I) austan svæðisins auk þess sem grannsvæði vatnsverndar er sunnan svæðisins.

Deiliskipulag er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

1.5.1 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
I4	2,9	Haukamýri II Bleikjueldi í fiskeldisstöð sem m.a. nýtir vatn frá Orkuveitu Húsavíkur.	Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.

Tafla 1 Forsendur og skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæði I4. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.

1.5.2 Fyrirliggjandi stefna

Eftirfarandi önnur atriði úr stefnu aðalskipulagsins sem eiga við fyrir deiliskipulag svæðisins.

Fiskeldi

Fiskeldisstöðvar: *Stuðlað verði að frekari nýtingu vatns og jarðhita til fiskeldis.*


- *Stærri fiskeldisstöðvar eru heimilar á iðnaðarsvæðum.*

Varnir gegn mengun vatns

Atvinnustarfsemi: *Fiskeldi og önnur atvinnustarfsemi verði með þeim hætti að strandsjór mengist ekki. Unnið verði að því að því að lágmarka áburðanotkun sem getur skaðað vistkerfi vatna og áa, einkum við Laxá.*

Frárennsli: Komið verði í veg fyrir mengun frá fráveitu. Dregið verði úr losun óæskilegra efna í fráveitur og frágangur rotþróa og fráveitumál í dreifbýli uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum. Gerð verði áætlun um úrbætur á ástandi frárennismála frá fjósum þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í vatn.

Frágangur lífræns úrgangs: Úttekt verði gerð á þeim stöðum innan sveitarfélagsins þar sem fugl kemst í æti til þess að finna út hvar úrbóta er þörf á frágangi mannvirkja. Gerðar verði ráðstafanir þannig að viðkomandi rekstraraðilar fari að lögum og reglum sem þetta varða.



Mynd 2. Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030- Húsavík. Iðnaðarsvæði I4 er innan rauða hringsins.

1.6 Náttúrufar

Ekki hefur verið gerð úttekt á náttúrufari á svæðinu. Svæðið er þegar raskað eftir 40 ára fiskeldi á svæðinu, gamlir skurðir og slóðar, og flokkast nær allt sem þéttbýli og annað manngert land á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands¹. Aðrar vistgerðir samkvæmt vistgerðarkortinu finnast innan svæðisins og utan lóðar fiskvinnslustöðvarinnar þá aðallega alaskalúpína og graslendi. Graslendið samanstendur að mestu af língresis- og vingulsvist sem er algeng og útbreidd vistgerð hér á landi en með hátt verndargildi. Snarrótarvist er einnig á svæðinu og finnst sú vistgerð víða á láglandi og er með hátt verndargildi. Einnig er eitthvað af víðikjarrvist sem hefur mjög hátt verndargildi og er allútbreidd um landið. Við ströndina vestan við sandstrandarfjöruna er svæðið flokkað sem skriður og klettur með vistgerð ljónslappaskriðuvist.

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Vistlendi	Vistgerðir	Verndargildi
Aðrar landgerðir	Þéttbýli og annað manngert land.	-
Aðrar landgerðir	Alaskalúpína	-
Graslendi	Língresis- og vingulvist	Hátt
Strandlendi	Sandstrandarvist	Lágt
Mólendi	Víðikjarrvist	Mjög hátt
Votlendi	Starungsmýravist	Mjög hátt
Skriður og klettur	Ljónslappaskriðuvist	Lágt

Tafla 2 Vistgerðir sem finnast á skipulagssvæðinu.

1.6.1 Fuglalíf

Ekki hefur verið gerð úttekt á fuglalífi á framkvæmdasvæðinu en það er ekki innan mikilvægs fuglasvæðis samkvæmt korti yfir vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

Lítið verður vart við mófugl á svæðinu en töluvert af mávategundum, sérstaklega í fjörunni við frárennslið, enda engin hreinsun á frárennslinu eins og er.

Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 20.05.2021 kemur fram að vegna brims fer frárennslið fyrst út í læk, um 20 m frá fjöruborði Skjálfaflóa. Ekki er uppsöfnun fóðurleifa eða óhreinindi en fuglar sækja í svæðið við útrásina og þarf því að reyna að halda þeim frá svæðinu eins og unnt er.

1.6.2 Fjaran



Mynd 3. Fjaran á loftmynd frá 2020. Stórgrýtið er varnargarður.

Fjaran flokkast sem sandstrandarvist samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lítil sem enginn gróður er í fjörunni vegna mikils ágangs sjávar. Frárennslið rennur niður í fjöruna. Reynt hefur verið nokkrum sinnum að leiða lögn frá eldisstöðinni niður fyrir stórstraumsfjöru. Hafaldan gengur upp í hamrana og hefur átt sér stað allnokkur landeyðing og þær frárennislagnir sem hafa verið lagðar fram að þessu hafa ekki staðist álag frá sterkum haföldum. Talið er að meðal ölduhæð geti orðið þegar mest er allt að 4-6 m svolítið frá landi en um 3-4 m þar sem aldan brotnar í fjörunni². Varnargarðar hafa verið byggðir við sjávarkambana allt frá höfninni í Húsavík inn fyrir Fiskeldið Haukamýri og hafa þeir gefið sig á nokkrum stöðum. Grjóti í varnargarði sem komið var fyrir framán við fráveitu Fiskeldis Haukamýri hefur hreyfst til og dreift úr sér með þeim afleiðingum að varnargarðurinn hefur gefið sig á kafla eins og sjá má á Mynd 3. Einnig sést á loftmyndinni að það er bratt niður í fjöruna, byggingarnar eru í um 12m.y.s. eða hærra. Sjá einnig mynd 4.

² Öldukort fyrir Húsavík. Kennialda með 1, 10, 100 ára endurkomutíma og 90%, 98% hlutfallsmörk kenniöldu. Ingunn E. Jónsdóttir og Bryndís Tryggvadóttir. Vegagerðin, sept. 2022.




Mynd 4. Séð yfir að fiskeldinu Haukamýri.

1.7 Náttúruvá

Í Norðurþingi er hætt á jarðskjálftum, þó hún sé mismikil, enda liggur Tjörnesbrotabeltið um sveitarfélagið. Ummerki um jarðhræringar eru því víða sjáanleg í sveitarfélaginu og að því leyti er svæðið áhugavert fyrir ferðamenn. Þar sem hættan nær til alls sveitarfélagsins hefur ekki verið talin ástæða til að merkja svæði undir náttúruvá vegna jarðskjálfta á skipulagsupprætti.

Við skipulag og mannvirkjagerð í Norðurþingi þarf því að taka tillit til þeirrar jarðskjálftahættu sem er á svæðinu. Margar fornar eldstöðvar eru einnig í sveitarfélaginu en Gjástykki, sem er að hluta innan Norðurþings, er að líkindum sú eina sem er virk og eru byggðasvæði ekki talin í hættu.

Á grundvelli upplýsinga um jarðskjálfta hafa verið reiknaðar hröðunarlíkur fyrir Ísland. Þær sýna líklega hröðun á 500 ára bili, sem jafngildir 10% líkum á þessari hröðun á 50 árum. Þannig er landinu skipt niður í 6 hröðunarsvæði (mynd 5). Skipulagssvæðið heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,50 g, þ.e. 50% af þyngdarhröðuninni. Þessi flokkun er hluti af byggingarstaðlinum Eurocode 8 sem segir til um þolhönnun mannvirkja m.t.t. jarðskjálfta.



Mynd 5. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði. Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson 2009.

1.7.1 Sjávarflóð

Í skýrslu um áhættuskoðun almannavarna lögreglustjórans á Húsavík 2011 kemur eftirfarandi fram varðandi sjávarflóð: *Álag á Húsavíkurbakka er mikið og hefur rofnað undan bakkanum, sem hefur verið varinn með grjóti. Fyrirhugað er að styrkja sjóvarnir við bakkann um 200 m. Einnig gefur nýr vegur bakkanum stuðning. Áhlaðandi í stórviðrum hefur orðið til þess að flætt hefur yfir hafnarsvæðið á Húsavík og Kópaskeri, sérstaklega í V- og NV áttum, en flest hús eru fjarri ströndinni. Hús fiskeldisins standa hærra í landi en hafnarsvæðið á Húsavík og því ólíklegt að flæði þar yfir.*

1.8 Minjar

Gerð hefur verið aðalskráning minja fyrir Norðurþing og eru engar þekktar minjar innan deiliskipulags. Skráning þessi uppfyllir ekki gildandi staðla Minjastofnunar og tók minjavörður því skipulagssvæðið út á vettvangi sumarið 2022 og fundust engar minjar á svæðinu.



Mynd 6. Úr Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030. Krossar tákna minjar.

Þær byggingar sem eru á svæðinu eru byggðar 1980 eða síðar og fellur engin þeirra undir lög um menningarminjar. Listi yfir núverandi byggingar ásamt stærð og byggingarári er í kafla 2.1.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu, en þar segir meðal annars:

„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.“

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir meðal annars:

„Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. ...Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

1.9 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum ásamt umhverfisskýrslu
- Deiliskipulagsupprætti í mælikvarða 1:1000 í A2

1.10 Samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
 - Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 112/2021.
- Umhverfisstofnun
 - Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Fiskistofa
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin, siglingasvið
- Orkustofnun
- Samgöngustofa
- Orkuveita Húsavíkur
- Eigendur aðliggjandi lands

2 Deiliskipulag

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomu að nýjum byggingarreitum og önnur þau ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi vegna stækkunar fiskeldisstöðvarinnar Haukamýri úr 450 tonnum í 850 tonna lífmassa af Laxfiski og/eða laxfiskaseiðum. Í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að við allar framkvæmdir verði þess gætt að valda eins litlu jarðraski og mögulegt er. Þá skal eins og mögulegt er reynt að láta allar framkvæmdir falla vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst neikvæð áhrif á svæðinu.

Eftir stækkun fiskeldisins er gert ráð fyrir að framleiða matfisk og/eða seiði allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Gert er ráð fyrir þreföldu öryggi gegn því að fiskur sleppi út í viðtaka frá fiskeldinu. Fyrsta vörnin felst í rist við útfall vatns úr kari. Önnur vörnin felst í að allt affallsvatn fer í gegnum um fiskigildir og þriðja vörnin er svo 1. Stigs hreinsun á öllu affallsvatninu. Hreinsun á öllu frárennsli tryggir að fosfór í frárennsli verð ekki meiri en 9kg/tonn af framleiddum fiski.

Lögð er áhersla á að landmótun verði í lágmarki við framkvæmdir á svæðinu. Efni til framkvæmda verður tekið úr námum með gildandi starfsleyfi á svæðinu.

2.1 Núverandi mannvirki

Núverandi mannvirki vegna fiskeldis eru sem hér segir:

- Iðnaðarhús 506,4 m², byggt 1980, endurbætt
- Eldisstöð 626,9 m², byggt 1982, sambyggð iðnaðarhúsinu, endurbætt.
- Fiskeldishús 36 m², byggt 1988
- Hús fyrir loftun
- Gámahús fyrir fóðurstöð, varaafli og súrefnisbúnað
- Sjö hringlaga útikör og er eldisrými þeirra 1.400 m³
- Lengdarstraumskar um 600 m³
- Heildar eldisrými í úti körum og eldiskörum í eldishúsunum er um 2.700 m³
- Vegur að núverandi húsum
- Lagnir að núverandi húsum, heitt og kalt vatn og rafmagn
- Frárennsli

2.2 Áætluð mannvirki og byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóð og skulu byggingar og önnur mannvirki byggð innan þeirra. Byggingarreitir innan lóðar fiskeldisstöðvar ásamt áætluðum mannvirkjum eru eftirfarandi:

- **A** - Allt að 3.000 m² bygging fyrir eldiseiningar.
- **B** - Byggingar í tengslum við núverandi byggingar, allar á byggingarreit B. Yfirbyggð eldiseiningar allt að 2000 m².
Viðbygging við núverandi aðstöðu, samtals 2400 m².

Skýli yfir hreinsibúnað, loftara og yfirbygging yfir eldiseiningar samtals 1500 m².

- **C** - Allt að 2.000 m² yfirbyggðar eldiseiningar. Hámarks hæð bygginga 7 m. Allt að 200 m² bygging fyrir hreinsun á frárennsli, búnað fyrir þykkingu á seyru og varnir gegn stroki.
- **D** – Skrifstofubygging, þjónustuhús, vinnsla og eldiseiningar allt að 2000 m².

Nánari skilmálar fyrir þær byggingar sem gert er ráð fyrir er í kafla 4. um sérákvæði.

Svolítill halli er innan byggingarreitanna. Reitur B er þar sem nær öll núverandi starfsemi er staðsett og það svæði mikið raskað. Reitur C er með hluta núverandi mannvirkja, vestan við lækinn, en svæðið er einnig grasi gróið. Innan reits A er alaskalúpína ríkjandi en innan D er graslendi, bæði svæði hafa áður verið röskuð.

Staðsetning mannvirkja innan allra byggingarreita er frjáls.

2.3 Samgöngur

Gert er ráð fyrir óbreyttri aðkomuleið um 1 km langan veg sem liggur út frá Norðausturvegi. Bætt verður við aðkomuvegi frá athafnasvæði austan skipulagssvæðisins (frá veginum Haukamýri) og mun vegurinn koma inn á lóðina við byggingarreit D og liggja þaðan norðan byggingarreita B, C og D og tengjast núverandi vegum innan lóðar.

Efni í vegi verður sótt í námur með starfsleyfi í sveitarfélaginu.

Í samræmi við gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir göngustíg sjávarmegin fyrir neðan fiskeldisstöðina. Starfsemin er frá gamalli tíð við ströndina og lækinn og hefur ekki hindrað för gangandi fólks meðfram ströndinni.

Haukamýrarlækur er þegar þveraður og ræsi í honum ofan við sjávarbakkann. Ekki er gert ráð fyrir frekari þverun lækjarins en vegur innan lóðar og stígur meðfram sjávarbakkanum munu fara um núverandi þverun.

2.4 Lóðir

Gert ráð fyrir einni lóð innan skipulagssvæðisins og er það lóð fiskeldisstöðvar sem nær yfir allar fyrirhugaðar byggingar og mannvirki fiskeldisstöðvarinnar og er stærð lóðarinnar 30.070 m².

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

2.5 Veitur

Samráð skal haft við Norðurþing, Orkuveitu Húsavíkur, RARIK og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir en allar lagnir eru þegar fyrir hendi.

Samningur við Orkuveitu Húsavíkur

2.5.1 Fiskeldið Haukamýri hefur samning við Orkuveitu Húsavíkur um allt að 300 l/s af 4°C heitu vatni skv. samningi frá 8. október 2010 sem gildir til 31. desember 2040. Jafnframt er

fyrirtækið með samning við Orkuveitu Húsavíkur um nýtingu á kælivatni sem hefur sama gildistíma.

2.5.2 Lagnir

Fiskeldið Haukamýri er eigandi allra vatnslagna og sér því um viðhald á þeim. Engar breytingar verða gerðar á lagnarkerfinu að eldisstöðinni aðrar en að hugsanlega þurfi að gera við eða skipta út einhverjum lögnum. Þá verði lögninni komið fyrir í sama farvegi og sú sem var fyrir.

2.5.3 Aukin endurnýting

Aukin framleiðsla byggist á meiri endurnýtingu á vatninu frá því sem nú er og jafnvel að einhverju leiti að notaðir verði lífhreinsar (RAS kerfi). Gert er ráð fyrir hreinsibúnaði í loftunarhúsi við lengdarstraumskarið og fyrirhugað er að koma fyrir hreinsibúnaði við endann á lengdarstraumskarinu. Í öllum nýjum eldiseiningum er gert ráð fyrri hreinsun og meðhöndlun á vatninu áður en það er endurnýtt.

Gert er ráð fyrir að hafa allt að 450 tonna lífmassa með núverandi vatnsmagni án lífefnahreinsa en ef auka á lífmassann umfram það verða settir upp lífefnahreinsar til frekari endurnýtingar á vatninu. Ekki er talin þörf á að auka vatnstöku umfram það sem skilgreint er í gildandi samningum við Orkuveitu Húsavíkur í tengslum við stækkun fiskeldisins.

2.5.4 Kalt vatn

Kalt vatn kemur frá Orkuveitu Húsavíkur um þrjár lagnir niður að Fiskeldisstöðinni Haukamýri. Allt kalt vatn sem nýtt er í stöðinni er sjálfrennandi.

2.5.5 Heitt vatn

Heitt vatn kemur frá Orkuveitu Húsavíkur um lögn frá athafnasvæði austan lóðar en vatnið er til upphitunar og til upphitunar á köldu vatni.

2.5.6 Fráveita

Í frárennsli Fiskeldisstöðvarinnar Haukamýri verður komið fyrir 1. stigs hreinsun (Byggingarreitur C), búnaði til að þykkja seyruna og geymslurými fyrir seyru. Jafnframt verður að finna þar fiskfangara sem aukaleg vörn gegn slyasleppingum. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skal öllu skólþi veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Frárennsli fiskeldisins rennur til vatnshlots 102-1366-C við innan- og austanverðan Skjálfanda skv. vatnshlotagátt. Í ljósi þess að horft er til aukinnar hreinsunar fráveitu frá eldinu er reiknað með að aukning fiskeldis í Haukamýri muni ekki auka mengun í vatnshlotinu frá því sem nú er.

Það hefur verið reynt að byggja frárennislögn sem hefur gefið sig vegna mikils álags frá haföldunni. Í fjöruna vantar fast undirlag en í henni er sandur og minna grjót sem hreyfist mikið til í ölduróti. Vegna skorts á föstu undirlagi er ekki raunhæfur valkostur að byggja fráveitulögn út fyrir

stórstraumsfjöru. Því er gert ráð fyrir að hreinsa vel allt vatn sem kemur frá stöðinni áður en það fer í viðtakann og tryggja að það uppfylli allar tilskyldar kröfur um hreinsun á frárennslisvatni.

Horft er til þess að endurnýta fastefni sem til fellur við hreinsun fráveituvatns sem kostur er. Á þessu stigi er gengið út frá að fastefnið verði nýtt sem áburður á nærliggjandi svæði í samráði við Norðurþing sem landeiganda. Dreifing fastefnis sem áburðar skal vera utan vatnsverndarsvæða. Rekstraraðili skal tryggja að ekki sé dauðfiskur eða annar fiskvefur í því efni sem notað er til áburðar. Skolp frá salernum, handlaugum og gólfum þjónustuhúss er veitt í rotþró (hreinsivirki) sem er tæmd reglulega. Aðgengi að hreinsivirki skal vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Frágangur hreinsivirkis og siturlagna skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

Öll fráveitukerfi skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Við hönnun fráveitu skal tekið tillit til aðstæðna á svæðinu.

2.5.7 Rafmagn

Raflagnir eru þegar fyrir hendi innan lóðarinnar og hafa þegar verið stækkaðar m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda. Allar frekari stækkanir verða í samstarfi við RARIK.

2.6 Varðveisla minja

Engar þekktar minjar eru á svæðinu.

Vakin er athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012) sem hljóðar svona: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.*

3 Almennir skilmálar

3.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

Við hönnun húsa og lóða skal þess gætt að fella byggingar, bílastæði og önnur mannvirki sem best að landi. Halda skal raski við framkvæmdir í lágmarki.

Ekki er heimilt að raska landi utan lóðar.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012) eða samkvæmt ákvæðum sem Norðurþing setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

3.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

3.6 Náttúruvá

Við gerð deiliskipulagsins er tekið mið af upplýsingum um náttúruvá á svæðinu. Sjá nánari umfjöllun í forsendum kafla 1.7.

4 Sérákvæði

4.1 Almenn

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær byggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

4.2 A – Bygging yfir eldiskör

Innan byggingarreits A er heimilt að reisa allt að 3.000 m² byggingu fyrir eldiseiningar. Bygging skal vera með mænishæð að hámarki 7m og veggshæð að hámarki 5m. Þak- og veggfletir skulu vera í samræmi við núverandi byggingar sem eru á svæðinu. Við hönnun byggingar skal tekið mið af núverandi byggingum.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa síló vegna starfsemi fiskeldisstöðvar. Hámarshæð er 7,0 m. Síló skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning byggingar og sílóa innan byggingarreits er frjáls.

4.3 Byggingarreitur B

Innan byggingarreits B er gert ráð fyrir viðbyggingum og byggingum í tengslum við núverandi byggingar:

- Yfirbyggð eldiseiningar allt að 2000 m².
- Viðbygging við núverandi aðstöðu, samtals 2400 m².
- Skýli yfir hreinsibúnað, loftara og yfirbygging yfir eldiseiningar samtals 1500 m².

Byggingar skulu vera með vegghæð að hámarki 5,0 m og mænishæð að hámarki 7,0 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Heildar byggingarmagn skal að hámarki vera 5.900 m² auk sílóa. Þak- og veggfletir skulu vera í samræmi við núverandi byggingar sem eru á svæðinu. Við hönnun byggingar skal tekið mið af núverandi byggingum.

Innan byggingarreits er einnig heimilt að reisa síló vegna starfsemi fiskeldisstöðvar. Hámarshæð er 7,0 m. Síló skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning bygginga og sílóa innan byggingarreits er frjál.

4.4 C – Bygging yfir eldiskör

Innan byggingarreits C er heimilt að reisa allt að 2.000 m² byggingu fyrir eldiseiningar. Bygging skal vera með mænishæð að hámarki 7m og vegghæð að hámarki 5m.

Innan byggingarreits C er heimilt að byggja allt að 200 m² byggingu fyrir hreinsibúnað í frárennsli, búnað fyrir þykkingu á seyru og varnir gegn stroki.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa síló vegna starfsemi fiskeldisstöðvar. Hámarshæð er 7,0 m. Síló skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning bygginga og sílóa innan byggingarreits er frjál.

4.5 D – Skrifstofubygging og þjónustuhús

Innan byggingarreits D er heimilt að reisa allt að 2000 m² skrifstofubyggingu og þjónustuhús. Bygging skal vera með mænishæð að hámarki 7m og vegghæð að hámarki 5m. Þak- og veggfletir skulu vera í samræmi við núverandi byggingar sem eru á svæðinu. Við hönnun byggingar skal tekið mið af núverandi byggingum.

Við hönnun mannvirkja sem og framkvæmdir á byggingarreitnum verður horft til þess að varðveita sem mest staðargróðri og forðast skal allt óþarfa rask.

Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjál.

5 Umhverfismat

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. deiliskipulagi þessu eru líklegar til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er stækkun á fiskeldisstöð. Í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að meta áhrif deiliskipulagstillögu sem felur í sér framkvæmd sem er tilgreind í 1. viðauka laganna.

Deiliskipulagið fellur undir áðurnefnd lög vegna liðar 1.09 í 1. viðauka laganna.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi

1.09. Pauleldi á fiski, annað en það sem tilgreint er í tölu 1.09, þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021 kemur fram að markmið þeirra sé:

- a. *sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif,*
- b. *skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana,*
- c. *að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.*

Í vinnu við deiliskipulag var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Í vinnu við deiliskipulag var haft samráð við Skipulagsstofnun en óskað var umsagnar stofnunarinnar um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar. Tekið var tillit til umsagnar Skipulagsstofnunar í vinnu við deiliskipulag.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

5.1 Aðferðarfræði

Umhverfisskýrslan er unnin að miklu leiti út frá tilkynningu um aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldi Haukamýri, fyrirspurn um matsskyldu. Umhverfisáhrifin eru metin út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum í aðalskipulagi ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum frá Fiskeldi Haukamýri ehf.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslatafla.

5.2 Upplýsingar um grunnástand umhverfis

5.2.1 Staðhættir og umhverfisaðstæður

Fiskeldið Haukamýri er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í Haukamýrardal. Norðurþing á landið og Fiskeldið Haukamýri hefur gert samning um afnot þess. Samningurinn er um nýtingu á köldu vatni ásamt volgu vatni við Orkuveitu Húsavíkur.

Fiskeldið Haukamýri hefur um 19.300 m² lóð þar sem húsakostur og eldiskör fyrirtækisins eru staðsett. Utan þessa svæðis eru vatnslagnir ásamt brunnum, stíflum fyrir kalt vatn og einnig eru lagnir fyrir heitt vatn. Svæðið er staðsett á iðnaðarsvæði sem þegar er að mestu raskað.

Núverandi aðkoma akandi að svæðinu er um Kaldbaksveg sem tengist inn á Norðausturveg sunnan Húsavíkur.

Stærð skipulagssvæðisins er um 3,8 ha.

5.3 Umhverfispættir

Umhverfispættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu.

Þeir þættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum, jákvæðum eða neikvæðum, af framkvæmd deiliskipulags eru:

- Atvinnulíf, þjónusta og íbúabróun
- Jarðminjar og vernd
- Sjónræn áhrif og hljóðvist
- Mannvirki, menningarminjar og saga
- Gróður og dýralíf
- Viðtakinn sjór
- Áhrif á villta laxfiskastofna
- Innviðir og öryggi
- Útivist og upplifun

5.4 Áhrifaþættir

Sá þáttur deiliskipulags sem talinn er geta haft möguleg umhverfisáhrif er eftirfarandi, í samræmi við skipulags- og matslýsingu deiliskipulags:

- Stækkun fiskeldisstöðvar.

5.5 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér. Í deiliskipulaginu verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um stjórn vatnamála 36/2011
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 71/2008 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi

5.6 Greining umhverfisáhrifa

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.
- **(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

5.7 Valkostir

Borin eru saman áhrif stækkunar fiskeldisstöðvar Haukamýri skv. deiliskipulagi við óbreytta stærð fiskeldisstöðvarinnar Haukamýri.

5.8 Áhrifamat

5.8.1 Atvinnulíf, þjónusta og íbúabróun

Nú vinna hjá Fiskeldinu Haukamýri 13 manns við eldið og vinnslu afurða og gert er ráð fyrir töluverðri aukningu starfa og að einhver afleidd störf í þjónustu muni skapast á Húsavík auk þess sem frekari grundvöllur er fyrir aukinni þjónustu á staðnum. Þá má geta þess að áhrif fyrirhugaðrar stækkunar hefur þau jákvæðu áhrif á atvinnulíf að gera má ráð fyrir að nokkur fjöldi starfa skapist á svæðinu á framkvæmdatíma. Niðurstaða áhrifa á umhverfisþáttinn atvinnulíf, þjónusta og íbúabróun er að áhrif stækkunar fiskeldisstöðvar teljast vera jákvæð.

5.8.2 Jarðminjar og vernd

Framkvæmdasvæðið er mikið raskað svæði og þar hefur verið stundað fiskeldi á stærstum hluta svæðisins frá árinu 1980. Áhrif fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldisstöðvar á jarðminjar og vernd eru talin óveruleg.

5.8.3 Sjónræn áhrif og hljóðvist

Í gilinu í Haukamýri hefur verið fiskeldi frá árinu 1980 og húsakostur lítt sýnilegur frá þjóðveginum. Hámarks hæð mannvirkja verður 7 metrar. Mest áberandi verður mannvirki á byggingarreit A. Vegna þessa er ekki talið að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar stækkunar verði neikvæð, mikið umfram þau sjónrænu áhrif sem þegar eru vegna núverandi atvinnustarfsemi.

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldisstöðvar eru talin óveruleg.

Með fyrirhugaðri stækkun er ekki gert ráð fyrir breytingu á hljóðvist. Það verður lítil sem engin breyting á hljóðvist miðað við fyrirhugaðar framkvæmdir frá því sem nú er

5.8.4 Mannvirki, menningarminjar og saga

Engin mannvirki eru á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði önnur en tilheyra Fiskeldinu Haukamýri. Fast upp við athafnasvæði Fiskeldisins Haukamýri er Vegagerðin með aðstöðu og Steinsteypir með steypistöð. Fiskeldi hefur verið á svæðinu frá árinu 1980 og sjást ummerki eftir það víða fyrir utan húsakost og eldiskör, má sjá skurði sem tengjast fiskeldinu, vegaslóða og annað umrót. Engar minjar hafa komið fram á því stóra svæði sem nú þegar er raskað og stærsti hluti nýrra mannvirkja verður staðsett.

Ekki er talið að fyrirhuguð stækkun fiskeldisstöðvar hafi áhrif á menningarminjar og sögu og því áhrifin talin óveruleg.

5.8.5 Gróður og dýralíf

Framkvæmdasvæðið er ekki hluti af svæði sem flokkast sem mikilvægt fuglasvæði. Töluvert er af mávategundum sem sækja í frárennsli stöðvarinnar. Með því að hreinsa megnið af lífrænum leyfum úr vatninu áður en það rennur út í viðtakandann, eins og gert er ráð fyrir í fyrirhugaðri framkvæmd, mun draga verulega úr ágangi fugla. Allar stærri agnir, fæða fuglanna, verða fjarlægðar úr vatninu áður en því er hleypt út um frárennsli stöðvarinnar út í fjöru. Lítið er af öðrum fuglategundum og áhrif framkvæmda því taldar vera óverulegar.

Fyrirhuguð framkvæmd verður á vel grónu röskuðu svæði og melum sem hafa verið græddir upp með lúpínu. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa óveruleg áhrif á gróður og dýralíf á svæðinu.

5.8.6 Viðtakinn, sjór

5.8.6.1 Núverandi áhrif

Fram að þessu hefur frárennsli frá Fiskeldinu Haukamýri ekki verið hreinsað áður en því er hleypt niður í fjöruna. Þær fódurleifar sem kunna að safnast í fjörunni neðan við frárennslið hafa hreinsast í næsta brimi. Umhverfisstofnun hefur reglulega tekið út fjöruna neðan við frárennsli án þess að

5.8.6.4 Hugsanleg umhverfisáhrif

Frárennsli frá Fiskeldinu Haukamýri fer beint út í sjó fyrir opnu hafi. Þar sem frárennsli er hreinsað áður en því er beint út í fjöruna verður ekki um að ræða uppsöfnun á lífrænum úrgangi í fjöru frekar en nú er raunin. Sýnileg áhrif efst í fjörunni munu helst vera sveppavöxtur á steinum.

Skjálfandaflói er stór, djúpur og opinn. Frárennsli frá stöðinni blandast fljótt og berst með straumum norður með Tjörnesi. Hafalda gengur inn að bökkunum þar sem Fiskeldið Haukamýri er staðsett og mun róta upp fjörunni og fjarlægja hugsanlegar litlar agnir sem kunna að safnast á milli steina í fjörunni. Það er því talið að umhverfisáhrif frárennslis Fiskeldisins Haukamýri verði óveruleg.

5.8.7 *Áhrif á villta laxfiskastofna*

Hér er um að ræða eldi í kerum á landi og þar af leiðandi ólíklegt að fiskur sleppi úr eldisstöðinni. Ristar með hæfilega ristarstærð eru í yfirfalli á öllum eldiskerum til varnar sleppinga auk þess sem frárennsli eldiskara verður beint í gegnum hreinsun með síum sem fanga fisk til varnar slyasleppingum. Til viðbótar við þessar ráðstafanir er rekstraraðilum í fiskeldi skylt að setja upp viðbragðsáætlun við slyasleppingum. Slík áætlun er nú þegar í gildi í stöðinni og verður hún uppfærð eftir þörfum. Áhrif á villta laxfiskastofna eru þar af leiðandi talin óveruleg.

5.8.8 *Innviðir og öryggi*

Allir innviðir eru til staðar og ekki þörf á innviðaupbyggingu með stækkun á eldistöðinni en gert er ráð fyrir að hægt verði að bæta við aðkomuvegi frá athafnasvæði austan skipulagssvæðisins og inn á skipulagssvæðið ofan sjávarkambsins. Tryggt verður áfram aðgengi gangandi meðfram sjávarkambinum.

Allar vatnslagnir, bæði fyrir heitt og kalt vatn eru til staðar auk rafmagns og aðgengi að stöðinni. Ef um endurbætur á lögnum verður að ræða munu þær fylgja þeim lögnum sem nú eru til staðar. Umhverfisáhrifin munu því vera óveruleg.

Hugsanleg hækkun sjávarborðs getur haft áhrif á öryggi á strandsvæði. Mannvirki fiskeldisstöðvarinnar munu standa upp á sjávarkamb á svæðinu og eru mannvirki því í nokkru vari frá ágangi sjávar. Þá eru mannvirki í um 10 m.y.s. en ólíklegt er að sjávarborð hækki það mikið að áhrif verði á mannvirki á næstu 50 árum eða þeim tíma sem gera má ráð fyrir að mannvirki á svæðinu afskrifist. Vegna þessa eru áhrif stækkunar fiskeldisstöðvar á öryggi talin óveruleg.

Til að draga úr ágangi sjávar framan við eldistöðina var komið fyrir varnargarði í fjörunni. Kominn er tími á endurbætur á honum þar sem hann hefur orðið fyrir skemmdum.

5.8.9 *Útivist og upplifun*

Fiskeldið Haukamýri er á iðnaðarsvæði og lítt áhugavert fyrir útivist og upplifun. Svæðið sem fer undir lóð og byggingar fiskeldisstöðvar er að mestu raskað land. Niður í fjöru eru brattir bakkar og aðgengi því erfitt og engir stígar til að auðvelda göngu niður í fjörunna í landi Fiskeldis Haukamýri eða á næstu lóðum.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að hægt verði að ganga neðan við eldisstöðina á bakkanum ofan við fjöruna og verður tryggt að aðgengi gangandi vegfaranda meðfram sjávarkambinum verði ekki takmarkað frá því sem nú er. Áhrif stækkun fiskeldisstöðvar á útivist og upplifun er talin óveruleg eða neikvæð frá því sem nú er.

5.8.10 Núll kostur

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á flesta umhverfisþætti verði óveruleg. Áhrif á fugla eru hugsanlega neikvæð þar sem frárennslið fer óhreinsað í sjóinn.

5.9 Vöktun

Í starfsleyfisgerð fiskeldisstöðvarinnar mun vera krafa um vöktun á affalli gagnvart lífrestum og sýnatökum úr affalli. Vöktun á vatnsgæðum affallsvatns verður hluti af rekstrarskyldum stöðvarinnar þar sem gæði affallsvatns verða innan tilskyldra marka.

5.10 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif af völdum fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldisstöðvar séu óveruleg, en þó jákvæð að einhverju leyti sem og neikvæð að einhverju leyti, sjá nánar í töflu. Áhrif á flesta umhverfisþætti eru talin óveruleg. Jákvæð áhrif er þó talin vera á atvinnulíf, þjónustu og íbúabróun vegna starfa sem munu skapast vegna stækkun fiskeldisstöðvar auk afleiddra starfa. Möguleg neikvæð umhverfisáhrif eru talin vera á umhverfisþáttinn útivist og upplifun þar sem upplifun þeirra sem um svæðið fara verður mögulega neikvæð. Neikvæð umhverfisáhrif geta orðið á framkvæmdatíma vegna þess rasks og ónæðis sem þá verður.

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á alla umhverfisþætti verði óveruleg fyrir utan möguleg neikvæð áhrif á fugla.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Umhverfispættir	Fiskeldið á Haukamýri		Núll kostur	
Atvinnulíf, þjónusta og íbúapróun	+		0	-
Jarðminjar og vernd	0		0	
Sjónræn áhrif	0		0	
Mannvirki, menningarminjar og saga	0		0	
Gróður og dýralíf	0		0	-
Viðtakinn - sjór	0		0	
Áhrif á villta laxfiskastofna	0		0	
Innviðir og öryggi	0		0	
Útivist og upplifun	0	-	0	
Niðurstaða	0	+ -	0	-

Tafla 3 Samantekt um umhverfisáhrif

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt

(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt